

16. desember 2019

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir tengivirki Valþjófsstað í Fljótsdal, lóð A1.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir tengivirki Valþjófsstað í Fljótsdal barst 5.6.2019. Umsækjandi er Landsnet hf. kt. 580804-2410.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi. Engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtækisins.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 15. október sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 13. nóvember 2019.

Þann 29. október sl. barst bréf frá Umhverfis- og framkvæmdanefnd Fljótsdalshéraðs en þar var tilkynnt að ekki væru gerðar athugasemdir við starfsleyfisdrög Landsnets hf.

Afstaða útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust

Þann 12. nóvember sl. bárust athugasemdir/umsögn frá umsóknaraðila vegna starfsleyfisdraganna. Breytingar voru gerðar á auglýstu starfsleyfi, þ.e. orðalagsbreytingar og tekið var tillit til athugasemda. Fallið var frá kröfu um sjálfvirkan viðvörunarbúnað í olíuskilju þar sem spennarnir sjálfir hafa sjálfvirkan sívöktunarbúnað. Eftirfarandi breytingar voru gerðar:

1. „Aðveitustöð“ var breytt í „Tengivirki“.
2. 3. mgr. var bætt við í kafla 2.2. sem hljóðar svona:
“Sjálfvirkur sívöktunarbúnaður er á spennum, hann er tengdur við stjórnstöð Landsnets og lætur vita ef olía lækkar á spennum.”
3. 3. mgr. í kafla 2.4. var breytt úr „Þar til búið er að koma á sjálfvirkum viðvörunarbúnaði í olíuskiljunni skal mæla olíu í skiljunni mánaðarlega og skrá í rekstrarhandbók innra eftirlits“ í „Reglubundnu eftirliti skal sinnt með olíuskiljunni, það skráð og dagsett í rekstrarhandbók innra eftirlits stöðvarinnar.“
4. Önnur setningin í 4. mgr. í kafla 2.4. var breytt úr „Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.“ í „Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum.“
5. 2. mgr. í kafla 4.1. var tekin út, þ.e. „Halda skal skrá yfir olíugeyma...“
6. 3. mgr. (nú 2. mgr.) í kafla 4.1. var breytt, þ.e. orðunum „... og hreinsvirkja.“ var bætt við *aftast*.
7. 1. mgr. í kafla 8 var tekin út, þ.e. „Frestur er veittur til loka október 2022 til að koma á sjálfvirkum viðvörunarbúnaði við olíuskilju. Þetta er í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í

reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.“ Fallið er frá þessari kröfu vegna tl. 2. hér að ofan.

Starfsleyfi Landsnets hf. fyrir tengivirki Valþjófsstað í Fljótsdal er hér með gefið út með fyrirnefndum breytingum.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi